



Kópavogi, 17. febrúar 2023
2212548/514.01 RH

Efni: Framkvæmdir á grunnskólalóðum 2023

Vorið 2016 var lögð fram skýrsla um „Skemmtilegar skólalóðir“. Síðan þá hafa menntaráð og bæjarráð árlega samþykkt tillögur um ráðstöfun fjárveitingar til endurbóta á skólalóðum á grundvelli úttekta í fyrrnefndri skýrslu.

Meðfylgjandi er greinargerðin „Endurgerð grunnskólalóða 2016-2023. Staða og endurmat“ sem inniheldur uppfærslur á mælikvörðum ásamt skýringum, sem sýnir hvað breyst hefur á undanförunum árum.

Lagt er til við bæjarráð að 60.000.000 kr. fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2023 „Grunnskólalóðir – endurnýjun“ (gjaldaliður 32164), verði ráðstafað með þeim hætti að 25.000.000 kr. fari í gerð gervigrasvalla á lóð Smáraskóla, 20.000.000 kr. í endurgerð leiksvæða við Lindaskóla og 15.000.000 kr. í endurnýjun leiktækja á lóð Snælandsskóla.

Í ár verður farið í verk á skólalóðum sem kosin voru inn í Okkar Kópavogur IV. fyrir fjárveitingu í því verkefni :

- Smáraskóli, bætt lýsing við boltavelli.
- Lindaskóli, uppsetning aparólu.

Einnig var kosin inn hugmynd um uppsetningu læsanlegra stæða fyrir hlaupahjól við Vatnsendaskóla og Kórinn. Hún hefur breyst þannig að sett verða upp læsanleg stæði fyrir hlaupahjól við alla grunnskóla bæjarins og ípróttasvæði. Verkefnið er fjármagnað af Okkar Kópavogi og Eignasjóði.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðstjóri Menntasviðs

Ásthildur Helgadóttir
Sviðstjóri Umhverfissviðs